


**1 AFSTÖÐUMYND**
mkv. 1:2000

## Byggingarlýsing/brunavarnir þjónustubyggingu við steypuskála. 1. áfangi.

**Burðarvirki**
Almennt verður allt burðarvirki úr járnbentri steinsteypu á steinsteyptum undirstöðum. Sökklar eru gerðir úr forsteyptum einingum. Útveggir eru gerðir úr steinsteyptum samlokueiningum og aðrir burðarveggir einnig úr forsteyptum einingum. Milligólf og þak er gert úr steinsteyptum holplötum. Allt burðarvirki hefur brunaþol að minnsta kosti R60.
Stigi er úr stáli og stigahús málmklædd stálgrind óeinangruð.

**Brunahólfun**
Byggingunni verður skipt í brunahólf eins og grunnmyndir arkitekta sýna. Hvor hæð er sérbrunahólf og stigahús er einnig sérbrunahólf. Veggir og hæðarskil brunahólfa eru að minnsta kosti EI60 og dyr í brunaskilum eru að minnsta kosti $EI_2 30\text{-}CS_m$. Fjarlægð að steypuskála er 5m.

**Flóttaleiðir**
Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir 30 manns á hvorri hæð. Fjarlægð frá hvaða stað sem er í næstu útgönguleið verður alltaf minni en 25 m. sem er í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um lengdir flóttaleiða. A.m.k. tveir óháðir útgangar verða frá báðum hæðum í byggingunni. Á 2. hæð er auk aðalstigahúss hringstigi í annarri flóttaleið. Á 1. hæð eru björgunarop. Björgunarop uppfylla ákvæði í gr. 159 í byggingarreglugerð.
Flóttaleiðir eru merktar inn á teikningar.

**Neyðarlýsing**
Allar flóttaleiðir í byggingunni verða með ÚT-ljósum og neyðarlýsingu í samræmi við ÍST EN 1838:1999 Lighting Application - Emergency Lighting og ÍST EN 50172:2004.

**Klæðningar**
Allar klæðningar bæði úti og inni verða í fl. 1.

**Einangrun**
Útveggir byggingarinnar verða einangraðir með steinullareinangrun í steyptum samlokueiningum. Þakið verður svokallað viðsnúið þak með vatnsvarnarlagi undir einangrun og fargi þar ofan á. Ysta þakklæðning verður að minnsta kosti Broof.

Landnúmer:............................................................123154
Staðgreinir:..................................................1400-02-99986500

Samþykkt þann
16 FEB 2011
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

**Brunaviðvörunarkerfi**
Handboðar verða staðsettir við alla útganga. Reykskynjarar verða í öllum rýmum. Brunaviðvörunarkerfi verður tengt inn á vaktstöð RTA. Brunaviðvörunarkerfið verður í samræmi við leiðbeiningar brunamálastofnunar og ÍST EN 54:Fire Detection and Fire Alarm Systems. Brunabjöllur sem heyrast um allt húsið verða tengdar við brunaviðvörunarkerfið.

**Slökkvitæki og brunahanar**
Slökkvitæki (léttvatnstæki) verða sett á báðar hæðir við stigahús. Tækin og frágangur þeirra skal vera í samræmi við Leiðbeiningar um val og staðsetningu handslökkvitækja nr. 165.BR1 frá Brunamálastofnun, og í samráði við eldvarnareftirlit.
Brunahanar verða staðsettir eins og sýnt er á teikningum.

**Reyklosun**
Reyk og hitalosun er í gegnum dyr og opnanlega glugga á húsinu.

**Viðhald brunavarna**
Viðhalds- og verklagsáætlun ásamt viðbragðsáætlunum vegna þjónustubyggingarinnar verða í samræmi við gæða- og öryggiskerfi RTA og skulu verða hluti af því kerfi.

11.02.2011

1:2000
100 0 100m

Skýringar:
Legend:

GLÁMA·KÍM

| Útg nr / Rev no | Lýsing / Description | Dagsetning / Date | Han / Tkn / Des / Drw | Yfirf / Ckd | Notk heim / Suppl Rel | Notk heim / ISAL Rel |
|---|---|---|---|---|---|---|

This drawing is the property of the Rio Tinto Alcan Iceland Ltd. and handed out for personal use only. It may neither be copied nor made available to others without permission of Rio Tinto Alcan Iceland Ltd. The receiver is liable for any misuse.

Stærð: / Format: A1 Mkv.: / Scale: 1:2000

HRV ENGINEERING
GLÁMA·KÍM

Dagsetning / Date: 08.02.2011
Teiknað / Drawn: BBJ
Hannað / Designed: SK/BBJ
Yfirf / Chkd: SK
Verktaki / Supplier: GLÁMA·KÍM
Teikn.nr.verktaka / Supplier drw.no.: **A01.01**
Samþykkt / Approved
Hluti af: / Part of:

STEYPUSKÁLI, ÞJÓNUSTUBYGGING
AFSTÖÐUMYND

Teg. teikningar / Dwg. type: **AÐALUPPDRÁTTUR**
Architectural: Building Application

Rio Tinto Alcan
ISAL
Alcan Iceland Ltd
Straumsvík
IS-222 Hafnarfjordur
Iceland

Flokkur nr.: | Blað nr.: | Næsta bl.nr.:
Kostn.nr.–Ccno. / Bún.nr.–Eq.no
AKS
Teikn.nr. ISAL / Drw.no. of ISAL | Breyt. /Rev.
ISAL Yfirfarið og skráð, dags / ISAL Checked, date
ISAL Samþykkt, dags / ISAL Approval, date